

Þriðjudaginn 27. október 1959.

Nr. 79/1959. **Ákærvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

Ásbirni Ólafssyni

og

Jóhönnu Gunnarsdóttur

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason og Theodór B. Líndal.

Verðlagsmál. Brot á tilkynningu verðlagsstjórnar skv. lögum nr. 35/1950.

Dómur Hæstaréttar.

Þórður Jónsson, stjórnarmaður Ásbjörns Ólafssonar h/f, andaðist hinn 28. f. m. Á hendur dánarbúi hans eru engar kröfur gerðar hér fyrir dómi.

Það er eigi vefengt, að fyrirsvarsmenn Ásbjörns Ólafssonar h/f hafi á verðreikningum greint rétt innkaupsverð vöru þeirrar, sem um er að tefla. Er eigi í ljós leitt, að það hafi verið óeðlilega hátt markaðsverð. Af gögnum málsins þykir sýnt, að hámarksverð það, sem verðlagsstjóri setti á vöruna, hafi verið svo lágt, að fjarri lagi sé, enda er það byggt á matsgerð, er eigi greinir og eigi virðist miðuð við raunverulegt verðmæti vörunnar. Þá var verð þetta eigi ákveðið af stjórn Innflutningsskrifstofunnar, sbr. 4. gr. laga nr. 35/1950 og 35. gr. laga nr. 86/1956, heldur af verðlagsstjóra, sem til þess brast lagaheimild. Af greindum ástæðum er verðákvörðun þessi ógild að lögum. Svo sem í héraðsdómi greinir, tókust samningar um afslátt af innkaupsverði vörunnar, eftir að sala hafði farið fram. Eins og saksókn í máli þessu er háttað, kemur afsláttur þessi ekki til álita.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu verðlagsdóms um sýknu ákærða, Ásbjörns Ólafssonar, af ákæru um brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1957,

sbr. 1. mgr. 4. gr. og 19. gr. laga nr. 35/1950. Sala vörunnar, áður en staðfestingar söluverðs var leitað, varðar ákærða við ákvæði þau, er í héraðsdómi greinir. Með hliðsjón af því, að hér var um mikið vörumagn að tefla, og málavöxtum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ásbjörn Ólafsson h/f rak viðskipti þau, er saksóknin tekur til, en kröfu um upptöku er beint gegn ákærðu persónulega. Þegar af þeirri ástæðu verður upptaka eigi dæmd.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að ákærði, Ásbjörn Ólafsson, greiði $\frac{1}{2}$ hluta og ríkissjóður $\frac{4}{5}$ hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Ákærða, Jóhanna Gunnarsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði, Ásbjörn Ólafsson, greiði 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði $\frac{1}{2}$ hluta og ríkissjóður $\frac{4}{5}$ hluta sakarkostnaðar, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 12. marz 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 12. marz, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins á Fríkirkjuvegi 11 af Guðm. Ingva Sigurðssyni og Eyjólf Jónssyni lögfræðingi, með-

dómanda í verðlagsmálum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1082 —1084/1959: Ákærvaldið gegn Ásbirni Ólafssyni, Þórði Jónssyni og Jóhönnu Gunnarsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað gegn Ásbirni Ólafssyni heildsala, til heimilis á Grettisgötu 2, Þórði Jónssyni bókhaldara, Grettisgötu 17, og Jóhönnu Gunnarsdóttur skrifstofustúlku, Frakkastíg 6 A, öllum í Reykjavík, en ákærðu skipa stjórn félagsins Ásbjörn Ólafsson h/f. Eru þau samkvæmt ákæruskjali, dags. 31. janúar 1958, ákærð sem hér segir:

„1. að félagið Ásbjörn Ólafsson h/f hóf sölu á 3.764,58 metrum af fataefni frá firmanu Guillermo Mora, Barcelona, fyrri hluta aprilmánaðar 1957, án þess að fyrir lægi verðstaðfesting verðlagsstjóra,

2. að nefnt hlutafélag seldi á fyrrnefndum tíma allt fyrrgreint fataefni á kr. 106,50 metrann í stað kr. 49,05, sem verðlagsstjóri heimilaði að selja fataefnið á.

Brot það, er greinir í nr. 1 hér að framan, þykir varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10/1957, sbr. 1. mgr. 3. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 35/1950.

Brot það, er greinir í nr. 2 hér að framan, þykir varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1957, sbr. 1. mgr. 4. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 35/1950.

Þess er krafizt, að ákærður Ásbjörn Ólafsson persónulega verði dæmdur til refsingar, öll ákærðu verði dæmd til að þola upptöku ólöglegs hagnaðar skv. 19. gr., 3. mgr., l. nr. 35/1950 og ákærður Ásbjörn verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.“

Ákærður Ásbjörn Ólafsson er fæddur 23. ágúst 1903 í Keflavík. Hefur hann, svo að kunnugt sé, sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1923 21/12 Kærður fyrir sviksamlegt atferli. Árangur sést ekki.
1927 29/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot á 231. gr. og 230. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869.

1934 27/8 Kærður af Sigurj. Sigurbjörnssyni, Vestmannaeyjum, fyrir ávísanasvik. Kærður innlestj ávísunina, 30 kr., og féll málið niður.

1935 5/2 Kærður af Ásgeiri Guðmundssyni fyrir meint svik. Kæran afturkölluð og málið látið niður falla.

— 15/4 Kærður af Jónasi Jónssyni fyrir bifreiðaárekstur. Ekkj talin ástæða til málssóknar.

- 1940 20/1 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á ákvæðum um hámarks-
álagningu á vefnaðarvöru.
- 1943 9/1 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald
og svipting ökuskírteinis í 3 mánuði fyrir ölvun við
bifreiðarakstur.
- 1945 17/1 Kærður fyrir meint verðlagsbrot. Fellt niður skv.
bréfi dómsmálaráðuneytisins 1/12 1945.

Auk þessa hefur hann árin 1922—1941 sex sinnum sætt sektum
fyrir minni háttar brot, svo sem ölvun o. fl., frá kr. 5,00 til kr.
50,00 hvert sinn.

Ákærður Þórður Jónsson er fæddur 16. apríl 1886 í Kolholti
í Villingaholtshreppi. Hann hefur eigi fyrr sætt kæru eða refs-
ingu, svo að vitað sé.

Ákærð Jóhanna Gunnarsdóttir er fædd 23. ágúst 1921 í Reykja-
vík. Hún hefur tvívegis árið 1950 hlotið sekt fyrir brot á um-
ferðarreglum, kr. 50,00 og kr. 75,00. Um aðrar kærur eða refs-
ingar er ekki kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Svo sem áður er fram komið, skipa hin ákærðu stjórn félagsins
Ásbjarnar Ólafssonar h/f, en það er heildsölufyrirtæki. Ákærður
Ásbjörn er formaður félagsstjórnar og framkvæmdastjóri fé-
lagsins.

Árið 1956 gerði Ásbjörn Ólafsson h/f pöntun á fataefni hjá
fyrirtækinu Guillermo Mora, Barcelona á Spáni. Fataefnið var
7.565 m, og innkaupsverðið var £ 10.200-0-0 eða kr. 466.140,00.
Fataefnið kom til landsins í tveimur sendingum. Sú fyrri kom 19.
október 1956 og hin síðari 16. nóvember 1956. Ákærður Ásbjörn
varð þess strax áskynja, að fataefnið væri gallað, bæði um litar-
áferð og vefnað. Hann setti sig því í samband við seljanda, sem
vildi gera lítið úr göllunum, en bauðst þó til að láta kaupin ganga
til baka. Ákærður Ásbjörn fékk tilkynningu um þetta með bréfi frá
ræðismanni Íslands í Barcelona, O. Lökvik að nafni, sem er umboðs-
maður ákærðs Ásbjarnar. Bréfið er dagsett 14. nóvember 1956.
Ekki varð þó úr riftun á kaupunum. Ákærður Ásbjörn óskaði
eftir því við borgardómara, að hann kveddi tvo menn til að meta
fataefnið til verðs. Borgardómari kvaddi 14. febrúar 1957 þá Árna
Árnason kaupmann og Svein Björnsson iðnaðarverkfræðing, báða
til heimilis í Reykjavík, til að meta fataefnið til verðs. Matið fór
fram 14. og 15. marz 1957. Viðstaddur matið var fulltrúi seljanda,
sem hafði að undirlagi ákærðs og á hans kostnað komið gagnert
frá Spáni í þessu skyni. Matsmennirnir skipuðu fataefninu í flokka

eftir nothæfni efnisins til fataframleiðslu. Flokkarnir urðu fimm, A til E. Miðað við, að A-flokkur hafi verið algerlega gallalaus vara og hafi því 100% verðgildi, var verðgildi annarra flokka ákveðið á þá lund, að B-flokkur hefði 90% verðgildi, C-flokkur 60% verðgildi, D-flokkur 25% og E-flokkur 15%. Í samræmi við þenna mælikvarða kom enginn hluti sendingarinnar í A- og B-flokk. Í C-flokk fóru aðeins 203,3 m, í D-flokk komu 2.286,7 m og í E-flokk 5.075 m. Dagsetning matsgerðarinnar er 21. marz 1957.

Við ákvörðun tolls var lagt til grundvallar matsverðið. Ákærður Ásbjörn lét útbúa verðútreikning yfir fataefnið, þar sem hann lagði til grundvallar innkaupsverðið: kr. 466.140,00, auk þess sem hann tindi til aðra þá kostnaðarliði, sem hann hafði haft í sambandi við kaupin á fataefninu, þar með talinn matskostnað. Söluverð hvers metra reyndist kr. 106,50, en af misgáningi var reiknað með 11% álagningu og of háu tollgjaldi. Var því söluverðið leiðrétt fljótlega á eftir og fyrirtækjunum, sem höfðu keypt fataefni, endurgreitt það, sem þeim bar, en það var kr. 0,95 fyrir hvern metra. Endanlegt söluverð ákærðs varð því kr. 105,55 hver metri. Ákærður hóf sölu fataefnisins í apríl 1957 án þess að leita staðfestingar verðlagsstjóra á verðútreikningi sínum. Salan gekk greiðlega, og er verðlagsstjóri komst í málið, hafði ákærður selt allt fataefnið nema 1.025,55 m, en eftir að salan hófst, lagði ákærður fyrir verðlagsstjóra verðútreikning sinn, sem verðlagsstjóri synjaði staðfestingar á með bréfi til ákærðs, dags. 17. apríl 1957. Ákærður stöðvaði frekari sölu á fataefninu, er honum varð ljóst, að verðlagsstjóri vildi eigi fallast á verðútreikning hans. Hann óskaði og eftir því, að þeir, sem keypt höfðu, skiluðu aftur því, er þeir kynnu að eiga óselt. Ákærður náði inn fataefni hjá tveimur kaupendum, samtals 2.774,87 m. Hann hefur því raunverulega selt samtals 3.764,58 m.

Áður en ákærður hóf sölu á fataefninu, leitaði hann eftir afslætti hjá seljanda. Í þessu skyni fór ákærður Ásbjörn til Spánar, og í maí 1957 samdist svo milli hans og seljanda, að seljandi veitti afslátt, sem næmi £ 2.500-0-0 eða 271.336,00 pesetum. Samþykkti seljandi 14 víxla fyrir upphæð þessari, og skyldu þeir greiddast á 14 mánuðum. Sá fyrsti féll í gjalddaga 30. ágúst 1957. Þegar mál þetta var tekið til dóms, hafði seljandi greitt 8 afborganir, samt. 160.000,00 peseta.

Verðlagsstjóri lét reikna út verðið á fataefninu og lagði til grundvallar matsverðið, sem honum reiknaðist til, að væri kr.

98.775,00. Ekki féllst verðlagsstjóri á, að matskostnaður yrði tekinn með í verðútreikninginn. Samkvæmt þessu reiknaðist verðlagsstjóra til, að söluverð hvers metra ætti að vera kr. 49,05, og var þá um verðjöfnun að ræða á milli verðflokka fataefnisins skv. matinu. Með fyrrnefndu bréfi sínu frá 17. apríl 1957 tilkynnti verðlagsstjóri ákærðum, að hann heimilaði þetta söluverð. Jafnframt gerði hann ákærðum þess kost, að hann léti söluna á fataefninu, sem hann hefði þegar selt, ganga til baka og/eða endurgreiða þeim mismuninn á einingarverðinu, kr. 106,50 og kr. 49,05, og mundi þá ekki koma til frekari aðgerða í máli þessu af hálfu verðlagsyfirvalda. Ákærður Ásbjörn sinnti þessu ekki, og leiddi það til þess, að verðlagsstjóri lagði málið fyrir verðlagsdóm með bréfi, dags. 25. september 1957.

Rétt er að geta þess, að kaupendur fataefnisins lögðu til grundvallar við sölu á fataefninu einingarverðið kr. 106,50. Sumir kaupendanna höfðu selt allt það, sem saumað hafði verið úr efninu, og því ekki um nokkurt tjón að ræða hjá þeim. Einn kaupandi kvartaði undan því við verðlagsstjóra, að hluti efnisins hefði verið svo gallaður, að ekki hefði verið hægt að nýta hann til fataframleiðslu. Aðrir kaupendur áttu eitthvað óselt, og fyrirskipaði verðlagsstjóri þeim að lækka verðið, miðað við, að einingarverðið væri kr. 49,05. Kaupendurnir hirtu ekki um að leita staðfestingar verðlagsstjóra á söluverði þess, sem þeir unnu úr fataefninu.

Verðlagsstjóri taldi, að ólöglegur ágóði fyrirtækisins Ásbjarnar Ólafssonar h/f af sölu fataefnisins næmi samtals kr. 216.275,13. Er það mismunurinn á því verði, sem ákærður seldi fataefnið á, þ. e. kr. 106,50 hvern metra, og kr. 49,05, sem er einingarverðið, sem verðlagsstjóri heimilaði. Nú hefur ákærður Ásbjörn upplýst, að hann hafi endurgreitt viðskiptavinum sínum samtals kr. 5.799,53, en svo sem áður segir, leiðrétti hann verðið hjá sér, þannig að endanlegt verð varð kr. 105,55 hver metri. Ólöglegur ágóði ákærðs samkvæmt útreikningi verðlagsstjóra ætti þá að lækka um þessa upphæð. Ákærður hafði mikinn kostnað af sendingunni umfram það, sem venjulegt er, svo sem matskostnaðinn, sem nam kr. 9.322,80, kostnað af komu sendimanns hins spánka seljanda fataefnisins hingað til Íslands og uppihaldi hans hér, samtals kr. 11.308,15, og ferðalagi ákærðs Ásbjarnar Ólafssonar til Spánar til að ganga frá samkomulagi um afsláttinn. Telur ákærður Ásbjörn, að þetta ferðalag hafi kostað sig £ 300-0-0. Þá

er bent á, að fyrirtækið hafi orðið fyrir miklu vaxtatapi af peningum, sem bundnir eru í fataefninu.

Ákærður Ásbjörn taldi kostnað fyrirtækis síns vegna gallans á fataefninu og alls þess, sem af gallanum leiddi, vera kr. 46.543,15 auk matskostnaðarins, kr. 9.322,80, eða samtals kr. 55.865,95. Ekki er reiknað með vaxtatapi vegna stöðvunar á sölu fatafnisins, en ákærður taldi, að taka ætti tillit til þess. Ekki sinntu verðlagsyfirvöldin beiðni um, að þessir kostnaðarliðir, sem nú hafa verið taldir, einn eða fleiri, yrðu teknir með í verðútreikninginn.

Nú þykir nógsamlega hafa verið rakið allt, sem máli skiptir og upplýst má telja.

Úrlausnarefnið er fyrst og fremst, hvort verðlagsyfirvöld hafa lagaheimild til að virða að vettugi sannanlegt innkaupsverð og setja í þess stað meira og minna óákveðið matsverð, þegar verðleggja skal vöru. Af gögnum málsins má sjá það, að það hefur verið viðtekin regla, að við verðlagningu skuli leggja til grundvallar innkaupsverð, sbr. t. d. tilkynningar verðlagsyfirvalda frá 30. marz 1939, nr. 3, 11. marz 1943 og nr. 49 7. október 1944. Í 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og VIII. kafla l. nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., eru ákvæði um verðlagningu. Hvorki verður lesið úr þeim lögum né reglum verðlagsyfirvalda um verðlagningu, að verðlagsyfirvöld hafi heimild til að fyrirskipa, að annað verð en innkaupsverð skuli lagt til grundvallar verðútreikningi, en nú stóð svo á í máli þessu, sem hér er til úrlausnar, að ákærður hafði lagt raunverulegt innkaupsverð til grundvallar verðútreikningi sínum og selt það, sem hann seldi, nokkru áður en hann fékk skuldbindandi loforð um afsláttinn. Af þessu leiðir, að ákærður Ásbjörn hefur ekki brotið verðlagsákvæði, er hann lagði innkaupsverð fatafnisins til grundvallar verðlagningu sinni. Ber því að sýkna hann af ákærinni um brot á tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1957, sbr. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 35/1950.

Hins vegar er það sannað, að ákærður Ásbjörn hóf sölu á fataefninu, án þess að fyrir lægi staðfesting verðlagsstjóra á verðútreikningi. Með þessu hefur ákærður Ásbjörn brotið gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10/1957, sbr. 1. mgr. 3. gr. l. nr. 35/1950. Samkvæmt 19. gr. l. nr. 35/1950 og með hliðsjón af því, að hér er um formbrot að ræða, þykir refsing ákærðs Ásbjarnar hæfilega ákveðin kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og

komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa er gerð um upptöku ólöglegs hagnaðar úr hendi stjórnar fyrirtækisins Ásbjarnar Ólafssonar h/f. Eins og þegar er fram komið, var ákærður Ásbjörn sýknaður af ákærinni um, að hann hefði selt fataefnin of háu verði. Af því leiðir, að ekki er um ólöglegan hagnað að ræða, og ber því að sýkna öll hin ákærðu, Ásbjörn Ólafsson, Þórð Jónsson og Jóhönnu Gunnarsdóttur, af kröfunni um upptöku ólöglegs hagnaðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, samkvæmt 2. mgr. 141. gr. l. nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, að ákærður Ásbjörn greiði $\frac{1}{2}$ hluta sakarkostnaðar og ríkissjóður $\frac{1}{2}$ hluta, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðra, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Stjórn fyrirtækisins Ásbjarnar Ólafssonar h/f, ákærður Ásbjörn Ólafsson, ákærður Þórður Jónsson og ákærð, Jóhanna Gunnarsdóttir, eru sýkn saka.

Ákærður Ásbjörn Ólafsson greiði kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Ásbjörn greiði $\frac{1}{2}$ hluta og ríkissjóður $\frac{1}{2}$ hluta sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hrl., að fjárhæð kr. 3.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
